

Ásta Kristjana Sveinsdóttir

Fólkstegundir

Um veitingu félagslegra eiginleika

Um langt skeið hefur verið umræða í fræðaheiminum, jafnt sem annars staðar, um hvort ýmis fyrirbæri eru félagsgerð (e. *socially constructed*). Stundum er spurningin þekkingarfræðileg, þ.e., snýst um hvort og að hvaða leyti hugmyndir fólks eða þekking þess á viðkomandi fyrirbærum eru mótaðar af félagslegum aðstæðum; en stundum er hún frumspekileg og snýst um hvort tilvera eða eðli þessara fyrirbæra séu félagsgerð. Ekki er alltaf gerður greinarmunur á þessu og vill stundum verða svo að fram séu sett rök fyrir þekkingarfræðilegu stöðunni, en frumspekilegar niðurstöður svo af því dregnar. Er þetta miður, en ekki skal farið nánar út í þá sálma hér. Fyrirbærin sem um ræðir geta verið af ýmsum toga, til dæmis hlutir, hugtök, eiginleikar, flokkar og tegundir. Á þessum síðum ætla ég einungis að ræða um félagsgerð í frumspekilega skilningnum og einskorða mig við það þegar fólks-tegundir¹ eru sagðar félagsgerðar. Hér legg ég fram kenningu um hvernig beri að skilja þá staðhæfingu að ákveðin fólkstegund sé félagsgerð, og set þar að auki fram skoðanir á frumspekistöðu kyns og kynferðis.²

Veittir eiginleikar: *Evþýfrón og Sókrates*

Í umræðunni um hvort fyrirbæri séu félagsgerð er ómur af eldri umræðu sem snýst um hvort fyrirbærin séu háð manneskjunni og gjörðum hennar, hugsunum, hugtakamynstri, eða tungumáli. Þar höfum við annars vegar hluthyggju og hughyggju og hins vegar hluthyggju og nafnhyggju/hugtakahyggju. Í stórum dráttum má segja að hluthyggju- og nafnhyggjusinna greini á um hvað er til en hluthyggju- og

- 1 Á ensku 'human kinds'. Ekki er hér tekin afstaða til þess hvort til séu náttúrutegundir.
- 2 Í þessari grein dreg ég að mér efni úr þremur öðrum greinum mínum: „Essentiality Conferred“, *Philosophical Studies*, 140: 135–148 (2008), „The Metaphysics of Sex and Gender“, í Charlotte Witt (ritstj.), *Feminist Metaphysics* (Springer, væntanleg) og „Human Kinds Conferred“, óbirt. Útfærslu á hugmyndum um veitta eiginleika er að finna í doktorsritgerð minni, *Siding with Euthyphro: Response-Dependence, Essentiality, and the Individuation of Ordinary Objects* (MIT, 2004).

hughyggjusinna greini á um eðli þess sem er til, og sjáum við hvort tveggja í umræðunni um félagsgerð. Þar sjáum við hluthyggjusinnann halda því fram að tilvist og eðli fólkstegunda sé óháð félagslegum aðstæðum, hugtökum og tungumáli: það hafa alltaf verið til neytendur, samkynhneigt fólk, eða hvítt fólk, jafnvel þótt ekki hafi verið hugtök eða orð yfir þau. Andstætt þessu heldur félagsgerðarsinninn (hughyggju-/nafnhyggju-/hugtakahyggjusinninn) því fram að fólkstegundir séu háðar þjóðfélagsformi, og náttúrulegum og tæknilegum aðstæðum, og ekki síst því að hugtök og lýsingar á þeirri manngerð séu til staðar. Til dæmis er ekki hægt að vera neytandi nema í hagkerfi þar sem neytendum eru ætluð hlutverk og þar sem hugtakið neytandi er til staðar og fólk getur litið á sjálft sig sem neytanda.

Hér fléttast saman nokkur flókin viðfangsefni en ég held að hugmyndin um veitta eiginleika geti hjálpað okkur til að útfæra þá hugmynd að fólkstegundir séu félagsgerðar. Snúum okkur nú að þessari hugmynd.

Í *Evpýfróni* Platóns spyr Sókrates Evpýfrón: er gjörð manneskjunnar guðþóknanleg vegna þess að hún fellur guðunum í geð, eða fellur hún þeim í geð vegna þess að hún er guðþóknanleg? Evpýfrón heldur því fyrst fram að guðþóknanleikinn felist í því að guðunum sé hún þóknanleg – eða eins og ég mundi orða það, að guðirnir veiti gjörðinni eiginleikann að vera guðþóknanleg með velþóknun sinni – enda þótt hann síðar láti Sókrates máta sig, eins og Sókratesar var síður. Þá samsinnir hann Sókratesi og viðurkennir að guðþóknanleikinn sé tilvistarlega óháður guðunum³ og velþóknun þeirra, og að guðirnir einfaldlega sjái þegar fólk hagar sér guðþóknanlega og þá kvikni væntumþykja í brjósti þeirra.

Það er nú ekki ætlunin að við skiptum okkur af deilum þeirra Evpýfróns og Sókratesar og ekki heldur að við veltum okkur sérstaklega upp úr því guðþóknanlega. Það sem skiptir máli hér er munurinn á veittum eiginleikum og óveittum. Í stórum dráttum er hægt að segja að veittir eiginleikar séu þannig að hlutir hafi þá fyrir tilstilli einhvers konar gerenda, hvort sem það eru nú grískir guðir, einstaka manneskjur, hópar, eða þjóðfélagið í heild.

Sumir eiginleikar eru klárlega veittir; um aðra má deila. Einnig má deila um hvernig veiting eiginleikanna fer fram, enda þótt ekki séu áhöld um að þeir séu veittir. Að vera vinsæll er dæmi um eiginleika sem augljóslega er veittur: einhver er vinsæll vegna þess að annað fólk ber ákveðnar tilfinningar til hans; það að fólk beri þessar tilfinningar í brjósti veitir viðkomandi eiginleikann að vera vinsæll.

Þegar fólk gengur í hjónaband eða fær háskólagráðu þá eru eiginleikarnir að vera giftur eða að vera BA veittir með einni málgjörð, nefnilega yfirlýsingu. Þannig lýsir dómari eða prestur því yfir að einhverjir tveir einstaklingar séu nú hjón og rektor lýsir því yfir að nú sé viðkomandi nemandi BA. En veiting eiginleika þarf ekki að fara fram með orðgjörð einni saman. Margir eiginleikar sem skipta félagslega miklu máli eru þess eðlis að veitingin fer stöðugt fram og gjarnan á mjög ómeðvitaðan hátt.

Stundum eru ákveðin viðmið til staðar þegar eiginleiki er veittur. Til dæmis reynir dómari í fótbolta að meta það hvort tekist var á innan vítateigs á óleyfilegan

3 Þannig að eitthvað gæti verið guðþóknanlegt jafnvel þótt engir guðir væru til.

hátt. Hann dæmir víti ef honum *synist* sem svo hafi verið. Hann getur náttúrulega haft rangt fyrir sér, en vítið stendur samt sem áður. Í þessu tilfelli eru það ekki hreyfingar líkamsparta innan vítateigs sem ráða gangi leiksins, heldur mat dóm- arans á því hvaða hreyfingar áttu sér stað.

Þegar leggja skal til að ákveðinn eiginleiki beri að líta á sem veittan, eru fimm meginatriði sem þarf að tiltaka:

Eiginleiki: hver er eiginleikinn, t.d. að vera guðþóknanleg, vinsæll, rang- stæð (í fótbolta).

Hver: hverjir gerendurnir eru sem veita eiginleikana, t.d. grísku guðirnir, fótboltadómariinn, rektor, skólaklíkan, samfélagið í heild sinni, eða ein- hverjir hlutar þess.

Hvað: hvaða viðhorf, ástand, orðgjörð, dómur, tilfinningar eða annað um ræðir.

Hvenær: við hvaða aðstæður veitingin fer fram, t.d. eðlilegar eða kjör- aðstæður, nú eða einhverjar tiltekna aðstæður. Einnig getur verið um að ræða síveitingu (ítrun).

Viðmið: hvort verið sé að miða við eitthvað þegar veitingin fer fram, t.d. hreyfingar innan vítateigs, eða að einhverjum skilyrðum sé fullnægt. Við- miðunin þarf ekki að vera meðvituð.

Veitingakenning um félagsgerð fólkestegunda

Hugmyndin um veitta eiginleika getur, að mínu mati, hjálpað okkur að skilja hvað um er að ræða þegar tekist er á um hvort eitthvað sé félagsgert. Spurningin verður þá hvort eiginleikinn sé veittur, og ef svo er, hvernig og af hverjum. Fólkestegundin sem um ræðir er þá félagsgerð ef eiginleikinn sem ræður því að viðkomandi mann- eskja tilheyrir ákveðinni fólkestegund er veittur. Andmælandinn heldur því hins vegar fram að eiginleikinn sé ekki veittur, heldur t.d. náttúrulegur. Sem dæmi má nefna að fólkestegundin konur er félagsgerð ef eiginleikinn að vera kona er veittur.

Ég tel að félagsgerðarsinnar geti fallist á veitingakenninguna um félagsgerð. Það sem þá mun helst greina á um er hvernig veitingin fer fram og þar skipta smá- atriðin gjarnan miklu máli.

Mig langar að bera saman veitingakenningu um félagslega eiginleika og tvær aðrar kenningar, það að eiginleikarnir séu viðbragðsháðir (e. *response-dependent*), annars vegar, og skilgreiningarkenningu (e. *constitution*) hins vegar.

Hugmyndin um að eiginleiki sé viðbragðsháður er eftirfarandi:

x er F ef og aðeins ef (eff) x veldur viðbrögðum V hjá geranda G við aðstæður A .

Dæmi um þetta eru litir:

x er rautt eff x veldur viðbrögðum V hjá venjulegum skynjendum við venjulegar aðstæður,

þar sem V er útlistað á einhvern hátt sem ekki byggir á hvað það er að vera rautt (til að forðast hringskýringar).⁴

Hver er þá munurinn á eiginleika sem er viðbragðsháður og þeim sem er veittur?

Viðbragðsháðir eiginleikar eru þannig að það er eitthvað í hlutnum (x) sem veldur viðbrögðunum. Það er sumsé orsakasamband milli hlutarins og viðbragðanna.

Veittir eiginleikar eru hins vegar þannig að það getur verið eitthvað í hlutnum sem er *viðmið* þegar eiginleikinn er veittur, en það er hinsvegar ekkert orsakasamband milli viðmiðsins og veitingarinnar. Sem dæmi um orsakasamband má nefna að samkvæmt viðbragðakenningu um hvað það er að vera rautt þá er það eitthvað í hlutnum sjálfum, þ.e. á yfirborði hans, sem endurspeglar ljósinu af ákveðinni bylgjulengd sem svo er skynjað af auganu sem rautt. Með öðrum orðum, samkvæmt viðbragðakenningunni valda náttúrulegir eiginleikar hlutarins viðbrögðum þess sem skynjar rautt. Samkvæmt veitingakenningu um einhvern ákveðinn eiginleika, þá er ekki um slíkt orsakasamband að ræða, heldur eru meintir eiginleikar hlutarins viðmið við veitinguna.

Kenningar um félagslega eiginleika sem gera ráð fyrir að þeir séu háðir viðbrögðum gerenda hafa að mínu mati þann galla að það þarf að vera eitthvað við þá manneskju sem hefur viðkomandi félagslega eiginleika sem veldur viðbrögðunum hjá öðrum. Tökum sem dæmi þá hugmynd að það að vera kona sé viðbragðsháður eiginleiki. Samkvæmt þessu þarf þá að vera eitthvað í viðkomandi einstaklingi sem veldur því að aðrir bregðast við honum á einhvern ákveðinn hátt:

x er kona eff x veldur viðbrögðum V hjá öðru fólki (við aðstæður A).

Eins og áður segir er hér haldið fram að um sé að ræða orsakasamband, að það sé einhver eiginleiki sem x hefur (væntanlega líkamlegur) sem valdi því að fólk bregst við eins og það gerir. Þessi hugmynd um kynferði á í erfiðleikum með að skýra hina miklu fjölbreytni í birtingarmynd kynferðis í hinum ýmsu heimshornum og þjóðfélögum. Ef til vill er það ekki óyffirstíganlegur galli. Til dæmis er hægt að hugsa sér að fjölbreyntin sé skýrð með tilvísun í ólíkar aðstæður (A). Annar galli er hins vegar sá að fólk sem er líkamlega gjörólíkt virðist kalla fram svipuð viðbrögð og er þörf nánari skýringar á því. Helsti gallinn er hins vegar sá að viðbragðakenningin gerir kynferði að náttúrulegu fyrirbæri (þar sem eitthvað í manneskjunni sjálfri veldur því að brugðist er við henni á hann hátt sem við á, frekar en

4 Sjá hér m.a. Philip Pettit, „Realism and Response-Dependence“, *Mind*, 100: 587–626 (1991) og Mark Johnston, „Objectivity Refigured: Pragmatism without Verificationism“, í J. Haldane og C. Wright (ritstj.), *Reality, Representation, and Projection* (Oxford: Oxford University Press, 1993). Hér fer ég eftir hugmyndum Pettits, eins og hann þróar þær áfram. Sjá sér í lagi *Rules, Reasons, and Norms: Selected Essays*, (New York: Oxford University Press, 2005). Um túlkun á hugmyndum Pettits, sjá m.a. M. Smith og D. Stoljar, „Global Response-Dependence and Noumenal Realism“, *Monist*, 81: 85–111 (1998).

að það sé samspil líkamlegra og félagslegra þátta), fremur en félagslegu, og erfitt er að sjá hvernig gildi og hefðir eiga að koma þar við sögu. Vísun í gildi og hefðir eru hins vegar eitt það helsta sem félagsgerðarsinnar leggja áherslu á þegar skýra á fyrirbæri eins og kynferði. Það lítur þess vegna þannig út að viðbragðakenningin sé ekki eins vel í stakk búin til að gera grein fyrir félagsgerð eins og veitingakenningin.

Skilgreiningarkenning⁵ um eiginleika er þannig að viðkomandi hlutur eða persóna hefur eiginleikann ef hún uppfyllir skilyrðið eða skilyrðin sem skilgreiningin á eiginleikanum segir til um.⁶ Tökum dæmi um eiginleikann að vera rangstæður. Samkvæmt skilgreiningarkenningu um rangstöðu þá felst það að vera rangstæður í því að vera markmegin við útileikmennina, alveg óháð því hvort dómariinn dæmir rangstöðu eða ekki. Formúlan er svona:

x telst vera y við aðstæður A

Dæmi: að vera markmegin við útileikmenn telst vera að vera rangstæður í fótboltaleik.

Samkvæmt veitingakenningu um rangstöðu, eins og áður kom fram, er það að vera rangstæður fótboltaeiginleiki sem dæmdur er af dómaranum, þar sem hann hefur að viðmiði staðsetningu leikmannsins á vellinum.

Það skiptir auðvitað ekki máli í þessu samhengi hvaða kenningu við aðhyllumst hvað varðar rangstöðu og ég er ekki að halda því fram að veitingakenningin um rangstöðu sé endilega sú sem við ættum að aðhyllast. Það sem skiptir máli er að lesandinn átti sig á muninum á þessum þremur kenningum. Vel er hugsanlegt að best sé aðhyllast viðbragðakenningu um liti eða skilgreiningarkenningu um rangstöðu, en engin rök skulu færð fram um það hér. Þegar kemur að félagslegum eiginleikum finnst mér hins vegar sá galli á skilgreiningarkenningu að viðkomandi manneskja hefur félagslega eiginleikann ef hún uppfyllir skilyrðin, alveg óháð því hvort hún er álitin uppfylla skilyrðin eður ei. Þvert á móti held ég að það sem skipti máli þegar um félagslegan veruleika er að ræða sé það hvort maður sé talinn uppfylla ákveðin skilyrði, ekki hvort maður gerir það í raun og veru. Það að við séum álitin uppfylla skilyrði ræður því hvernig fólk kemur fram við okkur, ekki hvort við uppfylfum þau í raun og veru.

Veiting kyns og kynferðis

Vindum okkur nú í að sjá hvernig hægt er að nota hugmyndina um veitta eiginleika til að færa rök fyrir því að ákveðin fólkstegund sé félagsgerð. Sem dæmi ætla

5 Við getum túlkað kenningar Johns Searle í *The Construction of Social Reality* (New York: Free Press, 1997) á þennan hátt.

6 Samkvæmt annarri útgáfu að skilgreiningarkenningu þá hefur viðkomandi eiginleikann ef hann uppfyllir eitt eða fleiri af skilyrðunum (t.d. „nógu mörg“ af þeim).

ég að taka eigin tillögur um kynferði og kyn. Ég held því fram að hvort tveggja séu veittir eiginleikar, en ekki náttúrulegir, en að þeir séu veittir á ólíka vegu.

Veiting kynferðis

Síðan bók Simone de Beauvoir, *Hitt kynið*,⁷ kom út er algengt að gera greinarmun á kyni (karlkyn/kvenkyn) og kynferði (karlmenn/konur). De Beauvoir sagði, sem frægt hefur orðið, að við fæðumst ekki konur, heldur verðum konur og er þetta túlkað sem svo að við fæðingu séum við þegar af einhverju kyni en ekki sé sömu sögu að segja um kynferðið. Það tókum við smám saman á okkur eftir því sem við vöxum úr grasi. Samkvæmt þessum beauvoirísku hugmyndum er kyn eitthvað líffræðilegt og óháð manneskjunnar og samfélagi hennar, en kynferði er samfélagsgert. Þetta kristallast í kjörorðunum: „kynferði er hin félagslega túlkun á kyni“.

Í gegnum tíðina hafa í mörgum samfélögum verið til hópar fólks sem hefur gegnt annarri stöðu í samfélaginu en kynstaða þeirra segir til um. Til dæmis hafa prestar og aðrir trúarleiðtogar gjarnan staðið utan við þann hluta samfélagsins sem giftir sig og eignast börn og í mörgum samfélögum hefur mátt finna þriðja eða fjórða kynferði og kynhlutverk. Dæmi um þetta eru geldingar og berdakkar (e. *berdache*).⁸ Það eru því mörg söguleg dæmi um það að kyn og kynferði fari ekki endilega saman, sem rennir stoðum undir þá kenningu að kynferði sé veittur eiginleiki.

Hér legg ég til að við útfærum það hvað það er fyrir kynferði að vera félagsgert með því að segja að kynferði sé veittur eiginleiki á þann hátt sem ég geri nánar grein fyrir hér á eftir. Ég tel að kynferði sé afar háð aðstæðum og að sama manneskjan geti talist til eins kynferðis í ákveðnum hópi við ákveðnar aðstæður, en annars í öðrum hópi við aðrar aðstæður.

Það er algengt að ætla að saman fari kynstaða, kynhneigð, kynhlutverk, æxlunarhlutverk, útlit og hegðan, svo ekki séu nefndir sálfræðilegir eiginleikar og hæfileikar af ýmsu tagi, þannig að ef við flokkum fólk með eitt af þessu sem viðmið komi í ljós að fókið hafi hina eiginleikana líka. Þá má líta svo á að kvenfrelsisbarátta og barátta samkynhneigðra og annarra sem telja sig „hinsegin“ að einhverju leyti hafi snúist um að benda á að þessir eiginleikar fari ekki alltaf saman. Og nú er svo komið að það getur verið heilmikill fjölbreytileiki í því hvaða kynferði ein ákveðin manneskja tilheyrir eftir því hverjar aðstæður eru. Ég held að það sé tilkomið af því að það fari eftir aðstæðum hvaða viðmið eru höfð í huga þegar kynferði er veitt. Við sumar aðstæður er það meint kynstaða sem skiptir máli, við aðrar ef til vill kynhneigð, og þannig má áfram telja. Og sama manneskjan getur litið út fyrir að hafa ákveðna kynstöðu en alls ekki litið út fyrir að ganga í ákveðin kynhlutverk, eða hafa ákveðna kynhneigð og þess vegna getur hún talist til eins kynferðis við einar aðstæður og annars við aðrar aðstæður.⁹ Við sumar aðstæður

7 Simone de Beauvoir, *Le Deuxième Sexe* (Paris: Librairie Gallimard, 1949).

8 Berdakkar voru karlkyns indjánar á Flóríðasvæðinu þegar Evrópubúar komu þangað sem klæddust eins og konur og gengu inn í kvenhlutverk. Sjá t.d. *Third Sex, Third Gender: Beyond Sexual Dimorphism in Culture and History* (New York: Zone Books, 1996)

9 Hér væri hægt að nefna ýmis dæmi. Vinur minn, Agustín Rayo, sagði mér frá því þegar hann fór með móður sinni, Julietu Fierro, sem er frægur stjórnufræðingur og sjónvarpsstjarna, í

getur verið að hún passi bara alls ekki inn og sé utanvið, hvort sem því fylgir útskúfun eður ei. Hér er tillagan í stórum dráttum:

Eiginleiki: að vera kona, karlmaður, trans

Hver: hópur fólks við aðstæður A

Hvað: að sýnast hafa viðmiðunareiginleikann V

Hvenær: við aðstæður A

Viðmið: hvert viðmiðið er fer eftir aðstæðum. Við sumar aðstæður er það kynstaða, við aðrar hlutverk í líkamlegri æxlun, verkaskipting, líkams-tjáning og fleira.

Samkvæmt þessu er ekkert eitt kynferði konur og annað karlmenn (og þriðja og fjórða ef þörf er á), heldur er það afar aðstæðubundið hvort viðkomandi einstaklingur er kona eða karlmaður. Auðvitað getur það verið að margir hverjir teljist konur eða karlmenn við allar aðstæður sem þeir finna sig í en það er þá vegna þess að þeir sýnast hafa eiginleikana sem eru viðmiðið í hvert skipti.

Það að kynferði sé félagsgert er ekki umdeilt. Hvernig beri að skýra hvað það sé er annað mál. Hér hefur verið lagt til að það að kynferði sé félagsgert beri að skilja sem svo að það að vera af einhverju ákveðnu kynferði sé veittur eiginleiki og eiginleikinn sé veittur við ákveðnar aðstæður þar sem ákveðin viðmið eru höfð í huga.

Að kyn sé líka veittur eiginleiki er umdeildara. Snúum okkur að því.

Veiting kyns

Samkvæmt hugmyndum Beauvoir er kyn náttúrulegt fyrirbæri, en kynferði félagsleg túlkun þess. Þegar líta skal á líffræðilegar leiðir til að skipta fólki eftir kynjum kemur í ljós að þar er ekki um skýrar línur að ræða.¹⁰ Við höfum þrjár leiðir helstar til að greina í kyn:¹¹

Eftir virkum kynferum: tveir stærstu flokkarnir hafa fólk sem aðeins er með virk kvenkynfæri annars vegar og aðeins með virk karlkynfæri hins

heimsókn til frændfólks þeirra í Mexíkó. Þar var síður að kvenfólkið hæfist snemma handa við matreiðslu en karlpeningurinn settist og drykki bjór og tekla og horfði á fótbolta. Þegar tekið var til við að snæða borðuðu mennirnir á undan og kvenfólkið ekki fyrr en karlmennirnir allir og börnin höfðu snætt. Julieta Fiera passaði inn í hvorugt hlutverkið sem í boði var. Að endingu settist hún með körlunum, en aldrei var heimsóknin endurtekin. Ég túlka þetta sem svo að Julieta hafi ekki passað inn í þau kynferði sem í boði voru þar sem hún sinnti verkum sem gengu þvert á viðmiðin. Hins vegar eru til aðstæður í Mexíkóborg, þar sem Julieta Fiero býr, þar sem það að vera frægur stjórnufræðingur gengur ekki þvert á viðmiðin þegar kynferði er veitt og þar getur Julieta verið kona.

10 Það að ekki sé um skýrar línur að ræða hvað varðar marga meinta líkamlega eiginleika vekur að mínu mati þá spurningu hvort eiginleikarnir séu í raun og veru líkamlegir. Hvaða tilgangi þjónar flokkunin sem um ræðir? Hverjir hagnast á henni? Þetta eru spurningar sem vert er að spyrja.

11 Anne Fausto-Sterling, *Sexing the Body: Gender politics and the structure of sexuality* (New York: Basic Books, 2000) og „The Five Sexes: Why male and female are not enough“, *The Sciences*: 20–24 (mars/apríl 1993).

vegar, en svo eru sumir með virk kvenkynfæri og einhver óvirk karkynfæri, virk karlkynfæri og einhver óvirk kvenkynfæri, og svo bæði virk karlkynfæri og kvenkynfæri.

Eftir kynlitningum: XX, XY, XXYY, XXY, XYY, XO, 47XXX.

Eftir hormónablutfalli: hlutfall kynhormóna.

Langflestir einstaklingar flokkast sem kvenkyns eða karlkyns hvaða flokkunar- aðferð sem notuð er. Hins vegar er það svo að ekki er nóg með að þessar þrjár aðferðir við að flokka í kyn skilji ekki eftir tvö kyn, þ.e. karlkyn og kvenkyn, heldur ber staðalfrávikum ekki saman. Þannig getur manneskja sem víkur frá norminu hvað varðar kynlitninga verið algerlega normal hvað varðar hormónahlutfall eða kynfæri og þar fram eftir götunum. Líffræðingurinn Anne Fausto-Sterling heldur því fram að u.þ.b. 1,7 prósent af fólki hverfi frá norminu að einhverju leyti.¹²

Fyrst líffræðileg flokkun er ekki skýr, en hins vegar er fólk annað hvort skráð sem kvenkyns eða karlkyns á öllum opinberum pappírnum, þá liggur beinast við að spyrja hvers konar flokkun kynflokkun sé og hvers konar tegundir kyn séu. Og þá spyr ég: hvers konar fyrirbæri skýrir kynstaða? Skýrir kyn nokkurn tímann líffræðilega eða líkamlega hluti? Eða skýrir það bara ýmislegt félagslegt eða sálfræðilegt, t.d. félagslega stöðu, viðmót annarra og þess háttar? Grunur leikur á að svo sé. Tökum sem dæmi það að einhverjir tveir einstaklingar hafi getið og borið barn. Það er ekki *kynstaða* einstaklinganna sem skýrir það. Það sem skýrir það er að þessir einstaklingar höfðu ákveðna aðra líkamlega eiginleika, svo sem virk kynfæri af ákveðnu tagi og líkamlegt ferli þeirra var í ákveðnum fasa, og einstaklingarnir hegðuðu sér svo á ákveðinn hátt með þessum afleiðingum. Kynstaða hefur ekkert með það að gera.

Hér er sem sé almenn aðferðafræðileg tillaga sem ég ætla ekki að rökstyðja nánar: ef eiginleiki skýrir félagslega stöðu eða fyrirbæri en ekki náttúrulega þá er það góð ástæða til að velta fyrir sér hvort eiginleikinn sé kannski eftir allt saman félagslegur, en ekki náttúrulegur.

Það sem getur villt um fyrir manni er að gjarnan er *til viðmiðunar* einhver náttúrulegur eiginleiki. Nákvæmlega það held ég að sé um að ræða þegar kemur að kyni. Ég held að það að vera af kvenkyni eða karlkyni sé veittur eiginleiki (meira að segja lagalegur eiginleiki), þar sem viðmiðin eru ákveðnir líkamlegir eiginleikar:

Eiginleiki: karlkyns, kvenkyns

Hver: yfirvöld eftir meðmælum lækna og foreldra við fæðingu, eða eftir skurðaðgerð og aðra meðferð hjá eldra fólki

Hvað: að sýnast hafa ákveðna líkamlega eiginleika, svo sem kynfæri af ákveðinni tegund, kynhormón að ákveðnu magni, kynlitninga af ákveðnu tagi¹³

¹² Sjá Anne Fausto-Sterling, *Sexing the Body*.

¹³ Þetta býður upp á þann möguleika að manneskja hafi ákveðna kynstöðu enda þótt hún hafi enga þá eiginleika sem tilheyra viðmiðunum. Ég tel ekki að það sé galli. Til dæmis getur

Hvenær: við fæðingu annars vegar, eftir skurðaðgerð hins vegar

Viðmið: kynfæri, kynhormón og kynlitningar

Í framhjálaupi tel ég vert að við veltum fyrir okkur hversu stóru hlutverki kynstaða gegnir í þjóðfélaginu og hvort hún eigi að gera það. Ef höfð er að leidarljósi sú regla að hver sá greinarmunur sem gerður er á fólki sé því aðeins réttlætunlegur að honum sé ætlað að vernda einstaklinga eða taka tillit til sérstakra aðstæðna fólks af ákveðnum toga, má vel ímynda sér að kynstaða gegni of stóru hlutverki. Við ýmsar aðstæður er okkur gert að gefa upp kynstöðu okkar þegar aldeilis óljóst er hvaða þörf sé á því. Umræða um þetta verður hins vegar að bíða betri tíma.

Að fólkstegund sé félagsgerð

Lesendur geta vel verið ósammála mér um hvernig eigi að gera grein fyrir kyni og/eða kynferði. Ég vona hins vegar að ljóst sé hvernig nota má veitingakenninguna um fólkstegundir til þess að gera grein fyrir einhverri ákveðinni fólkstegund sem félagsgerðri. Þá er tekinn sá eiginleiki sem um ræðir og fyllt inn í listann hér að ofan með það fyrir augum hvernig sá eiginleiki má vera veittur.

Nú liggur beint við að spyrja að hvaða leyti veitingakenningin nær að gegna því hlutverki sem henni er ætlað. Getum við skýrt muninn á hluthyggju og félagsgerðarhyggju hvað varðar ákveðna fólkstegund með tilvísun í þá hugmynd að eiginleikinn sem um ræðir sé veittur?

Tökum sem dæmi að vera flóttamaður. Hvernig getum við gert grein fyrir því að hvaða leyti það að vera flóttamaður er félagsgert með tilvísun í veitta eiginleika? Þetta er dálítið flókið tilfelli þar sem sú lagastaða að vera flóttamaður er veittur eiginleiki af viðkomandi yfirvöldum, en þegar tekist er á um hvort það að vera flóttamaður sé félagsgert er það ekki það sem um ræðir. Heldur er það að hluthyggjusinninn heldur því fram að það að vera flóttamaður sé bara það að hafa ákveðna lagalega stöðu, en félagsgerðarhyggjusinninn heldur að það sé eitthvað annað og meira. Veitingakenningin getur hjálpað okkur hér til að gera grein fyrir félagsgerðinni og hvað þetta „annað og meira“ er. Það sem skiptir máli félagslega, segir félagsgerðarsinninn, er að *meint* lagastaða setur einstaklingunum skorður. Fólkið er álitnið vera flóttamenn og komið er fram við það á annan hátt af þeim sökum. Skorðurnar sem þeim eru settar eru langtum umfangsmeiri en leiðir af lagastöðunni einni og sér. Við getum því gert greinarmun á tveimur eiginleikum, lagastöðunni *flóttamaður* og öðrum veittum eiginleika: *meintur flóttamaður*. Lagastaðan er einfaldlega veitt af viðkomandi yfirvöldum eins og áður segir, en eiginleikinn sem meira máli skiptir félagslega er þessi veitti eiginleiki, *meintur flóttamaður*, sem er aðstæðum háður á svipaðan hátt og kynferði hér að ofan:

einstaklingur verið á pappírnum af einhverju kyni og litni út fyrir að vera af því kyni allt sitt líf, enda þótt hann hafi óvenjulega líkamshluta, kynlitninga og hormónastarfsemi. Þetta er ekki algengt, en þó rökfræðilega mögulegt.

Eiginleiki: (meintur) flóttamaður

Hver: hópur fólks við aðstæður A

Hvað: að sýnast hafa ákveðna lagastöðu

Hvenær: við aðstæður A

Víðmið: lagastaðan flóttamaður

Það er mín skoðun að þegar tekist er á um hvort ákveðin fólkstegund sé félagsgerð þá hafi félagsgerðarsinninn gjarnan áhuga á ákveðnum veittum eiginleika (hvaða nafni sem hann nefnist) sem veittur er við ákveðnar aðstæður þar sem víðmiðið er einhver annar eiginleiki, hvort sem það er náttúrulegur eða lagalegur eiginleiki. Hluthyggjusinninn einblínir fast á víðmiðið og heldur því fram að það sé ekki félagsgert á þann hátt sem um ræðir. Báðir hafa rétt fyrir sér: víðmiðið sjálft er ekki félagsgert, en það er ekki heldur sá eiginleiki sem skiptir höfuðmáli félagslega. Eiginleikinn sem skiptir máli félagslega er veitti eiginleikinn (*meintur*) flóttamaður, sem er veittur með þeim hætti að miðað er við hvort viðkomandi hafi lagastöðuna flóttamaður. Ef hann *virdist* hafa hana, þá er honum veittur eiginleikinn (*meintur*) flóttamaður.

Á sömu lund má skýra ágreining um hvort kyn sé félagsgert á þann hátt að félagsgerðarsinninn haldi því fram að kyn sé veittur eiginleiki, t.d. á þann hátt sem ég tiltók hér að ofan, en hluthyggjusinninn lítur hins vegar svo á að kyn sé ekki veittur eiginleiki, heldur til dæmis líkamlegur eiginleiki.

Niðurlag

Á þessum síðum hef ég gert grein fyrir því hvernig hugmyndin um veitta eiginleika getur hjálpað okkur til að skilja hvað um ræðir þegar tekist er á um hvort tegundir fólks séu félagsgerðar. Ég hef borið veitingakenninguna saman við tvær aðrar kenningar, viðbragðakenninguna og skilgreiningarkenninguna og síðan, sem dæmi um hvernig hægt er að nota veitingahugmyndina, útlistað hvað ég held að kyn og kynferði séu. Að lokum hef ég tekið sem dæmi félagslegan eiginleika eins og að vera flóttamaður til að betur komi fram hvernig veitingakenningin getur varpað ljósi á hver ágreiningurinn er þegar deilt er um hvort ákveðin fólkstegund sé félagsgerð.¹⁴

14 Bestu þakkir til Eyju Margrétar Brynjarsdóttur og ónefnds yfirlesara fyrir góðar ábendingar, enda þótt éginn beri ábyrgð á innihaldi eða villum nema höfundur.

*Abstract***Human Kinds**

In this paper I offer a framework for understanding the debate over whether human kinds are socially constructed that relies on the notion of a conferred property. As part of fleshing out what conferralism about a property (and the corresponding kind) amounts to, I compare conferralist accounts to constitution accounts and response-dependence accounts. To give the reader a taste of a conferralist account in action, I then offer a conferralist account of sex and gender. In conclusion I evaluate to what extent conferralism is an adequate way of articulating the position of the social constructivist.